

## Leiðbeiningar um meðferð nýbura

- hjá þunguðum konum með Hepatitis B og/eða C

- 1) Í mæðraskrá kvenna sem eru með smitandi Hepatitis B (HBsAg +, og/eða HBeAg +) og/eða Hepatitis C skal þess getið með áberandi hætti að móðirin er með smitandi lifrabólgu.
- 2) Eftir að húð barnsins hefur verið þvegin og hreinsuð af blóði og legvatni getur það verið innan um aðra nýbura á barnastofu án sérstakra varúðarráðstafana. Börnin má leggja á brjóst.

### Ef móðir er með hepatitis B:

- 1) Við fæðingu (helst innan 12 klst. frá fæðingu) skal barninu gefið 0,5 ml af anti-Hepatitis B immunoglobulíni i.m. án tillits til meðgöngulengdar eða fæðingabyngdar. Einnig skal gefa 0,5 ml (10 µg) af Hepatitis B bóluefni (Engerix B®) i.m. án tillits til meðgöngulengdar eða fæðingabyngdar þó ekki í sama útlím.
- 2) Börnunum skal síðan vísa í Göngudeild smitsjúkdóma barna eða ungbarnaeftirlitið við 1 mán. aldur þar sem bólusettt verður með Engerix B® (0,5 ml i.m.) við 1 mán. og síðan 6 mán. aldur.
- 3) Nýburar með fæðingarþyngd undir 2 kg skulu fá meðferð sbr. lið 1. Þá skal síðan endurbólusetja við 1 mán., 2 mán. og 6 mán. aldur.

Bólusetningaráætlun nýbura sem eru í áhættu á smiti af völdum Hepatitis B.

Við fæðingu	Mánuður 1	Mánuður 6
Mótefni gegn hep.B 0,5 ml i.m.		
Engerix B 0,5 ml (10 µg) i.m.	Engerix B 0,5 ml (10 µg) i.m.	Engerix B 0,5 ml (10 µg) i.m.

### Ef móðir er með hepatitis C:

- 1) Engin mótefni eða bólusetning gefin við fæðingu.
- 2) Engar blóðrannsóknir gerðar á nýburanum varðandi hepatitis C
- 3) Barni vísað á Göngudeild smitsjúkdóma barna við 6 mán. aldur þar sem blóð verður sent í PCR mælingu og lifrarpróf.  
Rannsóknir endurteknar við 12 mán. ef 6 rannsóknir við 6 mán. aldur eru eðlilegar.

Með kveðju,

Þórólfur Guðnason yfirlæknir